

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

7. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 6, 9. janúar 1998,
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.**

1. gr.

Í stað: „30. apríl 1998“ í B. og C. lið 2. gr. komi: 31. ágúst 1998.

2. gr.

Eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo: Sé notkun leggglugga áskilin í reglugerðum eða ákvæðunum um skyndilokanir við tog- eða dragnótaveiðar eða veiðar á öðrum tilteknum svæðum, skal leggglugginn vera útbúinn eins og tilgreint er í 4. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1998, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.